

Stjórnarfundur sunddeildar Keflavíkur
24. febrúar 2010 í K-húsinu kl. 19:15

Mættir: Falur, Friðrik, Ásta, Sigurbjörg, Júlíus og Sigurþór. Hjördís boðaði forföll. Sérstakur gestur fundarins var Guðmundur fyrrverandi formaður sunddeildar Keflavíkur og núverandi formaður sundráðs ÍRB.

1. mál

Falur minnti á aðalfund Keflavíkur sem verður fimmtudagin 25. febrúar.

2. mál

Stjórnin skiptir með sér verkum. Júlíus er varaformaður, Hjördís gjaldkeri, Sigurbjörg ritari og Ásta meðstjórnandi. Varamenn eru Sigurþór, Svala og Friðrik. Svala og Friðrik taka að sér að halda utan um Felix og Júlíus sér áfram um sjálfsalana.

3. mál

Ritari sagði frá því að gamlar fundargerðarbækur sunddeildar hefðu verið afhentar aðalstjórn Keflavíkur til varðveislu.

4. mál

Farið yfir samning sunddeildar við Lífstíl vegna leigu á ljósabekkjaraðstöðu. Falur tók að sér að ganga frá samningnum.

5. mál

Ákveðið hefur verið að fara til Benidorm í æfingarferð í sumar. Fararstjórar f.h. Keflavíkur verða Falur og Sigurbjörg.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir